

Sunnudagur 13. ágúst

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Sunnudagshugvekja.** Kristín Þórunn Tómasdóttir nemi flytur.
- 18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 **Táknmálsfréttir.**
- 19.00 **Við feðginin** (Me and My Girl). Ný þáttaröð um bresku feðginin, ættingja þeirra og vini en fólk þetta skemmti sjónvarpsáhorfendum fyrir nokkru. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
- 20.35 **Fjarkinn.** Dregið er úr innsendum miðum í happdrætti Fjarkans.
- 20.40 **Fólkið í landinu.** – Útvörður í vestri – Ævar Kjartansson ræðir við Asgeir Erlendsson á Hvallátr-um.
- 21.10 **Al tiðindum í tveimur borgum** (A Tale of Two Cities). – Frysti þáttur. Bresk/franskur myndaflokkur í fjórum þáttum gerður eftir samnefndri sögu Charles Dickens. Leikstjóri Philippe Monnier. Aðalhlutverk James Wilby, Xavier Deluc og Serena Gordon. Sagan hefst í Bretlandi árið 1789 um líkt leyti og stjórnbryltingin á sér stað í Frakklandi. Ungur lögfræðingur verður ástfanginn af gífri konu en ást hans er ekki endurgöldin. Þegar eiginmaður hennar tekur þá áhættu að snúa heim til Frakklands og verja heiður ættar sinnar gefst unga manningun óvænt tækifæri til að sanna ást sína. Þýðandi Veturliði Guðnason.
- 22.10 **Nýir tímar á norðurlóðum** (The New North). Kanadísk heimildamynd um fólk það sem byggir nýrsta svæði Norður-Ameríku. Þýðandi Bogi Arnar Finnþogason.
- 23.45 **Útvarpsfréttir í dagskrárlök.**



- 9.00 **Alli og íkomamir.** Teiknimynd.
- 9.25 **Amma í garðinum.** Amma Gebba býr í skýrtu húsi með skýrtum garði. Þar er oft glatt á hjalla og margt skemmtilegt getur gerst. Leikendur: Saga - Jónsdóttir, Guðrún Þórðardóttir, Elfa Gísladóttir, Eyþór Arnason og Júlíus Brjánsson.
- 9.35 **Lítil fölinn og félagar.** Falleg og vönduð teiknimynd með íslensku tali.
- 10.00 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
- 10.15 **Funi.** Teiknimynd um litlu stúlkuna Söru og hestinn Funa.
- 10.40 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
- 11.05 **Köngulóarmaðurinn.** Teiknimynd.
- 11.25 **Tinna.** Bráðskemmtileg leikin barnamynd.
- 11.50 **Albert feiti.** Skemmtileg teiknimynd með Albert og öllum vinum hans.
- 12.15 **Óháða rokkið.** Tónlistarþáttur.
- 13.05 **Mannslíkaminn.** Living Body. Einstaklega vandaðir þættir um mannslíkamann. Endurtekið.
- 13.35 **Stríðsvindar.** North and South. Endursýnd stórkostleg framlagsmynd sem byggð er á met-sölbók Johns Jake. Annar af sex í seinni hluta þáttanna. Aðalhlutverk Kristie Alley, David Carradine, Philip Casnoff, Mary Crosby og Lesley-Ann Down.
- 15.10 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Geimvísindi, stjórnufræði, fólks- og vöruflutningar, byggingaræðir, arkitektúr og svo mætti lengi telja. Það er fátt sem ekki er skoðað með tilliti til framtíðarinnar.
- 16.05 **Hvítir guðir.** White Gods. Fylgst verður með ferðum leiðangursmanna um Andes-fjöllin í Suður-Ameríku. Við fjallsræturnar berjast innfæddir fyrir lífi sínu meðan evrópskir fjallagarpar klífa fjöllin í söku eftir nýjum metum.
- 17.10 **Listamannaskálinn.** South Bank Show. Bertolucci.
- 18.05 **Golf.** Stöð 2 sýnir frá alþjóðlegum stórmótum um víða veröld.
- 19.19 **19.19.** Fréttir, íþróttir, veður og umfjöllun um málefni líðandi stundar.
- 20.00 **Svalillífar í Suðurhólum.** Tales of the Gold Monkey. Framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Roddy McDowall og Jeff Mackay.
- 20.55 **Lagt í ann.** Það verður farið í Hrísey í kvöld. Umsjón: Sigmundur Erni Rúnarsson.

- 21.25 **Auður og undirferil.** Gentlemen and Players. Þriðji þáttur af sjö. Aðalhlutverk Brian Prothero, Nicholas Clay og Claire Oberman.
- 22.20 **Að tjaldabaki.** Backstage. Hvað er að gerast í kvikmyndaheiminum? Viðtöl við skærustu stjórnumar, leikstjóra og svo mætti lengi telja.
- 22.45 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
- 23.30 **Fjarstýrð örlög.** Videodrome. Hryllingsmyndahöfundurinn David Cronenberg er leikstjóri þessarar myndar og hún ætti að fá hárin til þess að risa á áhorfendum. Illskeytt ofsóknarvera býr í sjónvarpsþætti og er þeim krafti gædd að ná tangarhaldi á þeim sem koma fram í þættinum. Aðalhlutverk: James Woods og Deborah Harry. Stranglega bönnuð börnum.

Rás 1
FM 92.4/93.5

- 7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
- 7.50 **Morgunandakt.** Sára Ingiberg J. Hannesson prófatur á Hvöli í Saurbæ flytur ritningarorð og bæn.
- 8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
- 8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
- 8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Sólveigu Pétursdóttur varþingmanni. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins. Markús 7, 31–37.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni** – Mendelssohn, Paganini og Maillart.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.25 **Sitthvað af sagnaskemmtun miðalda.** Annar þáttur. Umsjón: Sverrir Tómasson. Lesari: Bergljót Krijsánsdóttir.
- 11.00 **Messa í Langholtskirkju.** Prestur: Sára Þórhallur Heimisson.
- 12.10 **Dagskrá.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.30 **Bismarck býr ekki lengur hér.** Dagskrá um stjórnmál, listir og mannlíf í Weimarlyðveldinu þýska. Umsjón: Einar Heimisson.

- 14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu.
- 15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Með mannabein í maganum.** Jónas Jónasson um borð í varðskipinu Tý. (Einnig útvarpað næsta þriðjudag kl. 15.03)
- 17.00 **Tónleikar á vegum Evrópu-bandalags útvarpsstöðva.** György Pauk leikur á fiðlu og Roger Vignoles á pianó. ●Sónata í a-moll op. 137 eftir Franz Schubert. ●Sónata í g-moll eftir Claude Debussy. ●Partita eftir Witold Lutoslawski. (Upptaka Ungverska útvarpsins frá 29. september í fyrra.)
- 18.00 **Kýrstæð lægð.** Guðmundur Einarsson rabbar við hlustendur.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Leikrit mánaðarins:** Þess bera menn sár eftir Jorge Diaz. Þýðandi: Ingibjörg Haraldsdóttir. Leikstjóri: Brynja Benedíksdóttir. Leikendur: Sigurður Skúlason, Helga Jónsdóttir og Árni Örnólfsson. (Endurtekið frá fyrra sunnudegi)
- 20.35 **Íslensk tónlist.**
- 21.10 **Kviksjá.** Umsjón: Freyri Þórmodsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
- 21.30 **Útvarpsagan:** Sæfarinn sem sigraði Ísland. Þáttur um Jörund hundadagakonung eftir Sverri Kristjánsson. Eysteinn Þorvaldsson les (9).
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Harmóníkupáttur.** Umsjón: Einar Guðmundsson og Jóhann Sigurðsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05)
- 23.00 **Mynd af orðkera** – Birgir Sigurðsson. Friðrik Rafnsson ræðir við rithöfundinn um skáldskap hans og skoðanir.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Sígild tónlist í helgarlok.** Trío fyrir pianó, fiðlu og selló í D-dúr eftir Sergei Ivanovits Taneyev. Borðin trío leikur.
- 01.00 **Veðurfregnir.**
- 01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



- 8.10 **Áfram Ísland.**
- 9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
- 11.00 **Úrval** úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
- 13.00 **Eric Clapton og tónlist hans.** Fyrri þáttur. Skúli Helgason rekur tónlistarferil hans í tali og tónum. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 14.00 **Í sólskinsskapi.** – Aslaug Dóra Eyjólfsdóttir.
- 16.05 **Woodie Guthrie,** hver var hann? Umsjón: Magnús Þór Jónsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri).
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Í fjósinu.** Bandarísk sveitátónlist.
- 21.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Á elleftu stundu.** Þorsteinn J. Vilhjálmsson í helgarlok.
- 01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
- 02.00 **Fréttir.**
- 02.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Arnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á rás 1.)
- 03.00 **Rómantíski róbótinn.**
- 04.00 **Fréttir.**
- 04.05 **Næturnótur.**
- 04.30 **Veðurfregnir.**
- 04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 kl. 18.10)
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannapáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.



- 9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrífandi morguntónlist sem þessi morgunlaði dagskrárgerðarmaður sér um að raða undir nálinu. Förm snemma á fætur með Harðsnúna Halla!
- 13.00 **Eru ekki allir í stuðl...** Dagskrárgerðarfolk Bylgjunnar kannar hvernig helgin hefur gengið. Stöðugar upplýsingar.
- 20.00 **Pia Hansson** leikur nýja tónlist og hefur ofan af fyrir hlustendum.
- 24.00 **Næturdagskrá.**



- 09.00 **Sigurður Helgi Hlíðversson** og upplýsingadeild Stjórnumnar verða hlustendum hjálplegir og haft verður samband við útisamkomur.
- 13.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** leikur hressa og skemmtilega tónlist, bæði nýja og gamla. Upplýsingadeildin kemur við sögu.
- 17.00 **Sagan á bak við lögin.** Þáttaröð í umsjón Helgu Tryggvadóttur og Þorgeirs Ástvaldssonar.
- 18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlok.
- 24.00 **Samlengd næturvakt í alla nótt.**



- 10.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist. Jón Rúnar Sveinsson og Ragnheiður Hrönn Björnsdóttir.
- 12.00 **Jazz & blús.** Gísli Hjaltason.
- 13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ivarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 15.00 **Poppessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
- 17.00 **Ferill og „FAN“.** Baldur Bragason og Ólafur Páll Sigurðsson.
- 19.00 **Guilrót.** Guðlaugur Harðarson.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
- 21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Arna Kristinssonar.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**



- 7.00 **Stefán Baxter.** „Ó-þunnur“.
- 12.00 **Asgeir Tómasson.**
- 15.00 **Felix Bergsson.**
- 18.00 **Klemens Arnason.**
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
- 1.00 **Páll Sævar Guðnason.**



- 5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
- 6.00 **Grínidjón.** Barnaefni.
- 10.00 **Íbróttapáttur.** Kappakstur.
- 11.30 **Tiskupáttur.**
- 12.00 **Miss Teen USA Pageant.** Kvikmynd.
- 14.00 **Beyond 2000.** Vísindapáttur.
- 15.00 **Big Valley.** Vestrapáttur.
- 16.00 **Joannie Loves Chachi.** Gamanþáttur.
- 16.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
- 17.30 **Fantasy Island.** Ævintýrapáttur.
- 18.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
- 19.00 **Bon Jovi.**
- 22.00 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaíðnaðinum.




- 13.00 **A Little Romance.**
- 15.00 **The Plague Dogs.**
- 17.00 **A Chorus Line.**
- 19.00 **The Best of Times.**
- 21.00 **Duet for One.**
- 22.50 **The Adventures of Buckaroo Banzai.**
- 00.35 **The Hitchhiker.**
- 01.00 **The Return of the Living Dead.**
- 03.00 **The Best of Times.**



- 9.30 **Golf.** Benson og Hedges.
- 11.30 **Bogflími.**
- 12.00 **Segilbrettakeppni.**
- 12.30 **Hrossasýning í Dublin.**
- 13.30 **Knattspyrna.** Dynamo Moskva gegn heimslíðinu.
- 14.30 **Hjólreiðar.**
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 16.00 **Golf.** British Open.
- 16.00 **Vatnaskíði.**
- 17.00 **Bíðjólaiþróttir.**
- 18.00 **Hrossasýning í Dublin.**
- 19.00 **Golf.**
- 21.00 **Kappakstur.** Grand Prix í Ungverjalandi.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
- 10.00 **Tiskupáttur.**
- 10.30 **Heimildarmynd.**
- 11.00 **Trúarþáttur.**
- 11.30 **Blake's Seven.** Vísindaskáldskapur.
- 12.30 **Dundee and the Culhane.**
- 13.30 **Euro Magazine.**
- 13.45 **Tónlist og tísk.**
- 15.30 **Verðin á morgun.**
- 16.00 **European Business Weekly.** Vísikþáttur.
- 16.30 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
- 17.00 **Poppþáttur.**
- 18.00 **Breski vinsældalistinn.**
- 19.00 **Shoestring.** Sakamálapáttur.
- 20.00 **My Wicked Ways.** Kvikmynd.
- 22.30 **Tísk og tónlist.**



Bernardo Bertolucci er viðfangsefni Listamannaskálans í dag.

Stöð 2 kl. 17.10 – Listamannaskálinn
Bernardo Bertolucci

Í hinni ágætu þáttaröð Listamannaskálinn (South Bank Show) verður í dag fjallað um einhvern merkasta kvikmyndaleikstjóra nútímans, Bernardo Bertolucci.

Bertolucci fæddist í Parma á Ítalíu 1940. Hans fyrstu kynni af kvikmyndum var í gegnum Pier Paolo Pasolini en hann var aðstoðarleikstjóri hans við gerð Accatone. Bertolucci vakti fyrst verulega athygli sem leikstjóri þegar hann sendi frá sér Before The Revolution er vakti mikla hrifningu gagnrýnenda þótt áhorfendur væru ekki jafnhrifnir.

Það er svo 1972 sem hann gerir Last Tango In Paris.

Sjaldan hafa viðbrögð við einni kvikmynd orðið jafnhastarleg og þá. Má geta þess að myndin var bönnuð á Ítalíu þar til 1987. Áður en Last Tango In Paris var frumsýnd hafði Bertolucci leikstýrt Il Conformista sem fékk mjög góðar viðtökur.

Síðan Bertolucci gerði Last Tango In Paris hefur hann sent frá sér nokkrar myndir og eru þekktastar 1900, La Luna og The Last Emperor en þátturinn um Bertolucci er einmitt tekinn upp þegar tókur á þeirri mynd stóðu yfir. Er þátturinn byggður á viðtölum við Bertolucci og hans helstu aðstoðarmenn við kvikmyndagerðina.

-HK

Rás 1 kl. 13.30:

Bismarck býr ekki lengur hér

Bismarck býr ekki lengur hér nefnist dagskrá um stjórnmál, líf og listir í Weimarlyðveldinu í tífni sjöfðu ára afmælis þess.

Ellefta ágúst voru liðin sjöfðu ár frá því lýðveldi var stofnað í Þýskalandi, hið svonefnda Weimarlyðveldi. Það lifði þó aðeins í fjórtán ár. Í upphafi árs 1933 féll það fyrir alræði nasista.

Þessi fjórtán ár eru mikið viðfangsefni sagnfræðinga. Hverjir komu lýðveldinu á legg? Hverjir vildu það feigt? Hverjir komu Hitler til valda? Nýjar rannsóknir

hafa hnekkst ýmsum útbreiddum misskilningi í sambandi við sögu Weimarlyðveldisins. Í þættinum verða niðurstöður nýjustu rannsókna raktar. Einnig verður fjallað um fjölskrúðugt mannlíf og listalíf, einkum í Berlín. Í skjóli hins lýðræðislega stjórnskerfis efdust listir meira en nokkru sinni áður í sögu Þýskalands.

Handrit gerði Einar Heimisson. Lesarar ásamt honum eru Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Barði Guðmundsson.

Rás 1 kl. 23.00:

Mynd af orðkera

Í þættinum Mynd af orðkera, sem er á dagskrá í kvöld, er gestur þáttarins Birgir Sigurðsson rithöfundur. Birgir er þekkt leikritaskáld og er skemmt að minnstaðs dags vonar sem var frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur í janúarmánuði 1987 og sýnt um það bil hundruð sinnum. Þá var leikritið flutt í sjónvarpinu í fyrra.

Áður hafði Birgir skrifað ein fimm leikrit sem öll

vöktu verðskuldaða athygli. Má þar nefna Grasmaök og Skáld-Rósu. Birgir hefur samt ekki einskorðað sig við ritun leikrita því hann er einnig höfundur ljóða og fleiri verka sem rætt verður um og lesið úr í þættinum í kvöld. Það er Friðrik Rafnsson sem ræðir við skáldið. Auk þess sem lesið verður úr verkum hans verður leikin tónlist sem lætur vel í eyrum Birgis.

-HK

Útvarp Rót kl. 12.00 – Djass og blús:

„Köldu kettirnir“ í djassinum

Líður í þeirri stefnu Útvarp Rótar að hafa sem fjölbreyttasta tónlistardagskrá er þátturinn Djass og blús sem er á dagskrá í hádeginu á sunnudegi. Umsjónarmaður þáttarins er Gísli Hjaltason.

Í þættinum í dag fá hlustendur að heyra í nokkrum bandarískum djassistum er

leikið hafa tónlist sem er kennd við „Cool Cats“, menn eins og Stan Getz, Gerry Mulligan og Clifford Brown svo nokkrir séu nefndir. Í blúsdæld þáttarins verður meðal annars leikið af nýjustu plötu John Mayals er heitir Chicago-Line.